



Umsókn um aðgang og notkun netbanka

Landsbankinn hf. | Netbanki einstaklinga

Fullt nafn umsækjanda	Kennitala	Símanúmer	Notandanafn
-----------------------	-----------	-----------	-------------

Umsækjandi sækir hér með um aðgang að netbanka einstaklinga hjá Landsbankanum hf., kt. 471008-0280.

Vakin er athygli á að notandanafni og lykilorði er úthlutað til persónulegra nota notanda og er óheimilt að afhenda það öðrum til innskráningar í netbanka.

Um netbankann gilda að öðru leyti Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans sem má finna á vef bankans www.landsbankinn.is.

Í persónuverndarstefnu Landsbankans kemur fram hvernig persónuupplýsingar eru notaðar af hálfu bankans. Persónuverndarstefna bankans er birt á vef bankans www.landsbankinn.is/personuvernd.

Með undirritun sinni á umsókn þessa staðfestir notandi að hafa kynnt sér ofangreindar reglur og skilmála og að hann muni fara eftir þeim í einu og öllu.

Til staðfestingar ofangreindu er skjal þetta undirritað með eiginhandarundirskrift. Ef skjalið er undirritað með rafrænum hætti skal það undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Staður og dagsetning

Undirritun umsækjanda



Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans

Landsbankinn hf. | Nr. 1532-06 | Júní 2023

1 Inngangur

1.1 Gildissvið

Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans (hér eftir skilmálarnir/skilmálar þessir) gilda í viðskiptum milli Landsbankans hf. (hér eftir Landsbankinn eða bankinn) og viðskiptavinar. Viðskiptavinur getur verið einstaklingur eða lögaðili (hér eftir lögaðili eða fyrirtæki). Ef viðskiptavinur telst ekki vera neytandi í skilningi laga kunna að gilda sérreglur sem víkja frá ákvæðum skilmálanna. Auk skilmála þessara gilda, eftir atvikum, ákvæði samninga, skilmála og reglna um einstakar vörur eða þjónustu sem bankinn kann að veita viðskiptavini. Þau ákvæði ganga framar ákvæðum skilmála þessara ef misræmi er á milli. Þá gildir persónuverndarstefna Landsbankans samhliða skilmálum þessum. Skilmálar bankans og persónuverndarstefna eru birt á vef bankans og eru aðgengilegir á afgreiðslustöðum bankans.

1.2 Breytingar á skilmálum

Bankinn getur hvenær sem er breytt skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar viðskiptavini með skilaboðum í netbanka eða með almennri tilkynningu á vefsvæði bankans eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður.

Ef breytingar á skilmálunum varða ákvæði um rammisamning um greiðsluþjónustu og eru ekki til hagsbóta fyrir viðskiptavin taka þær gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Í tilkynningu um breytingar á slíkum ákvæðum skilmálanna er vakin athygli á því að viðskiptavinur hefur rétt á að tilkynna bankanum um uppsögn rammisamningsins áður en breyttir skilmálar taka gildi. Viðskiptavinur telst hafa samþykkt þær breytingar tilkynni hann bankanum ekki um annað fyrir fyrirhugaðan gildistökudag. Segi viðskiptavinur rammisamningnum upp áður en tveggja mánaða fyrirvarinn er liðinn, en notar engu að síður viðkomandi greiðslureikning eða greiðslumiðil tengdan reikningnum eftir að tveggja mánaða fyrirvarinn er liðinn, telst viðskiptavinurinn hafa samþykkt breytingarnar.

1.3 Um Landsbankann

Landsbankinn veitir einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum um allt land fjármálaþjónustu sem byggir á langtíma viðskiptasamböndum. Bankinn rekur afgreiðslustaði og hraðbanka víðsvegar um landið. Bankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins), Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, sbr. lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum (sjá vef Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](#)). Landsbankinn telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í starfsemi bankans í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, Ísland
Sími: 410-4000. Netfang: [landsbankinn@landsbankinn.is](#), Vefur: [www.landsbankinn.is](#). Swift/BIC: NBIISRE.

2 Almenn ákvæði um viðskiptasambandið

2.1 Vinnsla persónuupplýsinga

Landsbankinn vinnur persónuupplýsingar um viðskiptavin samkvæmt skilmálum þessum og eftir atvikum samningum, skilmálum og reglum um einstakar vörur eða þjónustu sem bankinn kann að veita viðskiptavini. Bankinn vinnur allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að efna samninga milli viðskiptavinar og bankans eða til að gera ráðstafanir að beiðni viðskiptavinar áður en samningur er gerður, en vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að bankinn veiti viðskiptavini fjármálaþjónustu. Bankinn getur einnig unnið persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis viðskiptavinar, laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða í samræmi við lögumæta hagsmuni, eins og nánar er lýst í persónuverndarstefnu Landsbankans.

Viðskiptavinur skal veita bankanum upplýsingar um nafn, kennitölu, lögheimili og eftir atvikum aðsetur eða skattalega heimilisfesti, samskiptaupplýsingar og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þágu viðskiptasambandsins. Bankinn móttekur þar að auki upplýsingar um viðskiptavini með reglubundnum hætti frá þriðju aðilum í samræmi við persónuverndarstefnu bankans, t.d. upplýsingar um skráðar kennitölur, nöfn, hjúskaparstöðu, börn, forsjá, lögheimili, aðsetur, fæðingarstað og ríkisfang. Bankanum ber að afla tiltekinnna upplýsinga frá viðskiptavini á grundvelli laga, m.a. laga um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í tilviki lögaðila ber m.a. að vinna

persónuupplýsingar um stjórn lögaðila, framkvæmdastjórn, prókúrumboð og raunverulega eigendur lögaðilans. Einnig getur verið nauðsynlegt að bankinn vinni upplýsingar um starfsfólk, viðskiptavinum eða aðra einstaklinga sem tengjast lögaðila. Viðkomandi lögaðili ber þá ábyrgð á réttmæti þeirra upplýsinga sem afhentar eru bankanum vegna viðskiptasambandsins og ber lögaðilinn ábyrgð á að fylgja persónuverndarlögum við þá vinnslu, þ.m.t. að tryggja lögmæti afhendingar upplýsinganna. Bankanum er nauðsynlegt að afla upplýsinga í tengslum við beiðni viðskiptavinar um útlán, aðra fyrirgreiðslu eða önnur viðskipti, vegna eftirlits með útlánunum, viðskiptum og skuldastöðu viðskiptavinar og vegna innheimtu vanskilakrafna. Bankinn vinnur og aflar m.a. fjárhagslegra upplýsinga um viðskiptavin: (a) úr upplýsingakerfum bankans m.a. um fyrri viðskiptasögu, (b) úr skráum starfandi fjárhagsupplýsingastofu, eins og Creditinfo Lánstrausts, t.d. upplýsinga úr viðskiptamannavakt (vanskilaskrá), lánsþæfismat, afrit af skuldbindingayfirliti og sambærilegar upplýsingar, (c) úr skattframtali frá ríkisskattstjóra, (d) frá fyrirtækjaskrá, t.d. vottorð félags, samþykktir og sambærilegar upplýsingar og (e) frá samstarfs- og vinnsluaðilum bankans sem vinna upplýsingar um innheimtu og vanskil, svo sem Reiknistofu bankanna, t.d. upplýsingar úr kröfupotti, og Motus. Einnig getur bankanum verið nauðsynlegt, í tilefni vanskila, að miðla upplýsingum um útlán og skuldastöðu viðskiptavinar til fyrrnefndra aðila, t.d. í skrár Creditinfo Lánstrausts. Vinnsluaðilar bankans kunna að fá afhentar persónuupplýsingar um viðskiptavin vegna framkvæmdar viðskipta eða annarra þjónustubátta á vegum bankans. Framangreint á einnig við um ábyrgðarmenn og eftir atvikum maka viðskiptavinar.

Svo unnt sé að veita viðskiptavini fyrirgreiðslu, m.a. í sjálfsafgreiðslu, tekur bankinn sjálfvirka ákvörðun um lánsþæfi, lánsþæfisskilyrði og lánaheimild, eftir atvikum á grundvelli persónusniðs viðskiptavinar. Persónusnið byggist á persónuupplýsingum sem bankinn hefur um viðskiptavin, t.d. lýðfræðilegum upplýsingum, upplýsingum um lánsþæfi, þ.e. lánsþæfiseinkunn og litaflokkun ásamt upplýsingum um viðskiptasögu viðskiptavinar.

Svo unnt sé að veita viðskiptavini fjárfestingarþjónustu kann persónuupplýsingum viðskiptavinar að vera miðlað til innlendra eða erlendra samstarfsaðila sem koma að þjónustunni, vörslu og/eða uppgjöri viðskipta eins og nánar er lýst í viðkomandi skilmálum.

Bankinn vinnur einnig persónuupplýsingar um viðskiptavin til að þróa og/eða kynna persónusniðnar vörur, þjónustu eða viðskiptalausnir bankans. Í framangreindum tilgangi er unnin þarfa- og markhópagreining, eftir atvikum á grundvelli persónusniðs. Þá er nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar til að tryggja gæði veittrar þjónustu, hafa yfirsýn yfir stöðu viðskiptavinar og í þágu fjárstýringar og/eða áhættustýringar bankans. Bankinn hefur samband við viðskiptavin í þessum tilgangi, t.d. í gegnum tölvupóst, í síma, með smáskilaboðum í farsíma eða í netbanka eða með sambærilegum samskiptaleiðum.

Bankinn varðveitir og vinnur framangreindar upplýsingar á meðan á samningssambandi stendur og eftir að samningssambandi lýkur til samræmis við lög, skilmála þessa, persónuverndarstefnu, samninga, reglur og aðra skilmála bankans. Bankinn varðveitir afrit af skilríkjum viðskiptavinar, þ.m.t. upplýsingar um notkun rafrænna skilríkja, hvernig og eftir hvaða leiðum viðskiptavinar auðkennir sig og uppfærir með reglubundnum hætti til samræmis við gildistíma þeirra. Neiti viðskiptavinar að afhenda bankanum persónuupplýsingar eða að unnið sé með þær kann það að hafa þær afleiðingar að bankanum verði ófært að veita viðskiptavini umbeðna fjármálaþjónustu.

Símtöl sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta með fjármálagerninga eru hljóðrituð. Þá kunna önnur símtöl milli bankans og viðskiptavinar að vera hljóðrituð. Rafræn samskipti milli bankans og viðskiptavina í tölvupósti, netspjalli eða annars konar samskiptaforritum sem viðurkennd eru af bankanum og leiða eða kunna að leiða til viðskipta með fjármálagerninga eru varðveitt í samræmi við kröfur sem gerðar eru í lögum. Önnur rafræn samskipti kunna jafnframt að vera varðveitt. Hljóðritun símtala og varðveislur rafrænna samskipta er ætlað að tryggja rekjanleika og sannreyna efni símtala og rafrænna samskipta. Þannig kann bankinn m.a. að nota símtalsupptök og rafræn samskipti sem sönnunargagn komi upp ágreiningur um efni samskipta aðila, t.d. um forsendur og framkvæmd viðskipta eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavina bankans.

Bankinn vinnur auk þess nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptavin með vefkökum, m.a. í þágu net- og upplýsingaöryggis, t.d. með því að greina frávik frá hefðbundinni viðskiptahegðun viðskiptavinar. Nánari upplýsingar um notkun bankans á vefkökum má finna í persónuverndarstefnu bankans. Bankinn vinnur einnig persónugreinanlegar upplýsingar úr tæknilegu umhverfi viðskiptavinar og vegna framkvæmdar viðskipta í þágu net- og upplýsingaöryggis, t.d. með því að greina frávik frá hefðbundinni viðskiptahegðun viðskiptavinar. Verði viðskiptavinar var við villu eða galla við notkun, t.d. á netbanka, appi, vefsvæði bankans eða annarri rafrænni þjónustu, skal hann gera bankanum viðvart án tafar. Bankinn kann að þurfa að leysa úr villu með því að skrá sig inn í netbanka viðskiptavinar.

Starfsmenn bankans eru samkvæmt lögum um fjármálafrýrtæki bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna bankans. Þrátt fyrir lögboðna þagnarskyldu gagnvart utanaðkomandi aðilum um málefni viðskiptavina er bankanum skylt samkvæmt lögum að veita opinberum aðilum, t.d. eftirlits-, tollgæslu-, skatta- og löggæsluyfirvöldum, slíkar upplýsingar. Þagnarskylda starfsmanna bankans og þeirra sem upplýsingum er miðlað til helst lögum samkvæmt þótt látið sé af starfi. Taki viðskiptavinar fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar við upplýsingum sem varða hann ekki er honum óheimilt að skrá þær hjá sér, miðla þeim eða notfæra upplýsingarnar á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að eyða þeim upplýsingum og tilkynna bankanum um að upplýsingarnar hafi borist honum. Viðskiptavini er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um slíkar upplýsingar.

Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög á hverjum tíma. Í persónuverndarstefnu Landsbankans er að finna nánari upplýsingar um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer hjá bankanum, m.a. tegundir persónuupplýsinga, tilgang vinnslu, réttindi einstaklinga, varðveislutíma persónuupplýsinga, afhendingu til þriðju aðila og öryggi persónuupplýsinga. Viðskiptavini ber að kynna sér persónuverndarstefnu Landsbankans.

2.2 Stofnun viðskiptasambands

Viðskiptavinur stofnar til viðskiptasambands við bankann á vef bankans, í netbanka, í appi eða á afgreiðslustað. Við stofnun viðskiptasambands velur viðskiptavinur vörur og/eða þjónustu og fær aðgang að netbanka. Bankinn kannar áreiðanleika nýs viðskiptavinar með því að óska eftir því að hann sanni á sér deili ásamt upplýsingum um hagi hans, sbr. nánari umfjöllun í kafla um Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Stofnun viðskipta þarf að uppfylla kröfur skilmála þessara og eftir atvikum samninga, skilmála eða reglna sem gilda um viðkomandi vöru og/eða þjónustu. Viðskiptavinur staðfestir, eftir atvikum, umsókn, samning og/eða skilmála í samræmi við kröfur bankans á hverjum tíma. Bankanum er heimilt, án rökstuðnings, að hafna stofnun viðskiptasambands og/eða umsókn um vöru eða þjónustu, m.a. ef upplýsingar um viðskiptavin eru ófullnægjandi, ef stofnun viðskipta uppfyllir ekki kröfur bankans eða af öðrum ástæðum, allt að mati bankans.

2.3 Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Bankinn starfar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með síðari breytingum. Bankanum er skylt að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavini, m.a. við stofnun viðskiptasambands, reglubundið eftirlit og/eða vegna einstakra viðskipta. Til að framkvæma áreiðanleikakönnun óskar bankinn m.a. eftir persónuupplýsingum um viðskiptavin, t.d. nafni, kennitölu, lögheimili, starfsheiti/stöðu, símanúmeri, netfangi, fæðingarstað og ríkisfangi, auk fjárhagslegra upplýsinga. Lögaðilar skulu veita upplýsingar um nafn, kennitölu, lögheimili, lagalegt form, upplýsingar um stjórn, framkvæmdastjórn og prókúruhafa, sem og upplýsingar um raunverulega eigendur lögaðilans og hverjir hafi heimildir til að skuldbinda lögaðilann. Bankinn aflar jafnframt upplýsinga um uppruna þeirra fjármuna sem viðskiptavinur hyggst nota í viðskiptum hjá bankanum, hvort viðskipti fari fram fyrir hönd þriðja aðila og upplýsinga um eðli og tilgang fyrirhugaðs viðskiptasambands og/eða viðskipta.

Við áreiðanleikakönnun skal viðskiptavinur sanna á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja sem eru gefin út eða viðurkennd af stjórnvöldum, t.d. vegabréf, ökuskríteini, nafnskríteini eða fullgild rafræn skilríki. Eigi ólögráða viðskiptavinur ekki gild persónuskilríki getur lögráðamaður framvísað eigin persónuskilríkjum. Ef stofnað er til viðskiptasambands fyrir hönd lögaðila, fjárvörslusjóða og sambærilegra aðila þurfa allir stjórnarmenn, framkvæmdastjóri/-ar og prókúruhafar lögaðilans að sanna á sér deili með fullgildum persónuskilríkjum. Ef um húsfélag er að ræða er nægilegt að gjaldkeri húsfélagsins sanni á sér deili við framkvæmd áreiðanleikakönnunar. Lögaðilar sanna á sér deili með því að framvísa vottorði úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá sem sannar skráningu viðkomandi lögaðila. Metið er hverju sinni hvort krafist er afrits af samþykktum lögaðila og/eða endurskoðuðum ársreikningi.

Bankinn hefur áhættumiðað eftirlit með samningssambandi við viðskiptavin og aflar uppfærðra upplýsinga þegar þörf er á, hvenær sem er meðan á samningssambandi stendur. Bankanum ber auk framangreinds að kanna sérstaklega áreiðanleika viðskiptavina sinna við ákveðnar aðstæður þar sem sérstakrar varúðar er þörf. Í slíkum tilvikum áskilur bankinn sér rétt til að kalla eftir viðbótargögnum, þ.m.t. persónuupplýsingum, um viðskiptavin til þess að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun. Gruni bankann að fjármunir þeir sem ætlu viðskiptavinar stendur til að fari um kerfi bankans séu ágóði af ólögmætri háttsemi og/eða tengist fjármögnun hryðjuverka áskilur bankinn sér allan rétt til að stöðva umbeðin viðskipti án fyrirvara. Hafi bankinn rökstuddan grun eða réttmæta ástæðu til að ætla að viðskipti séu grunsamleg með tilliti til peningabættis og/eða fjármögnunar hryðjuverka er bankanum skylt að tilkynna viðskiptin til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar vegna tilkynningarinnar. Viðskiptavini ber skylda til að láta bankann vita verði einhverjar breytingar á þeim upplýsingum sem bankanum voru látnar í té við gerð áreiðanleikakönnunar.

2.4 Rammasamningur í skilningi laga um greiðsluþjónustu

Ákvæði skilmála þessara sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu (þ.m.t. ákvæði um netbanka, greiðslureikninga og greiðslukort) teljast vera rammasamningur um greiðsluþjónustu milli viðskiptavinar og bankans í skilningi laga um greiðsluþjónustu.

2.5 Gerð samninga

Viðskiptavinur gerir bindandi samninga við bankann og/eða staðfestir samþykki sitt með undirritun á pappír, með rafrænni undirskrift, með rafrænu samþykki t.d. í netbanka, í appi eða á vef bankans, með beiðni eða samþykki í síma, með netsamskiptaforriti eða með öðrum samskiptamiðli, allt eftir eðli skuldbindingarinnar hverju sinni í samræmi við kröfur bankans. Viðskiptavinur staðfestir jafnframt samninga, skilmála og/eða reglur bankans um tilteknar vörur eða þjónustu, eins og þeir/þær eru á hverjum tíma, með móttöku eða notku á viðkomandi vöru eða þjónustu. Sé viðskiptavinur ófjárráða fyrir æsku sakir getur hann veitt staðfestingu sína með skuldbindandi hætti í samræmi við framangreint að því er varðar þær vörur og þjónustu sem ekki krefjast samþykkis lögráðamanns skv. skilmálum þessum og/eða reglum bankans, en samningar um aðrar vörur og þjónustu þarfnast samþykkis lögráðamanns. Hafi viðskiptavinur veitt þriðja aðila umboð skuldbindur umboðshafi viðskiptavinar með undirritun sinni.

2.6 Heimildir ófjárráða fyrir æsku sakir

Samningar ófjárráða einstaklings við bankann um vörur og þjónustu, sem fela í sér fjárhagslegar skuldbindingar, eru háðir samþykki lögráðamanns (forsjáraðila). Viðskiptavinur sem hefur náð 13 ára aldri getur þó stofnað til viðskiptasambands og gert samninga við bankann um eftirfarandi, og sambærilegar, vörur og þjónustu án samþykkis lögráðamanns: Að stofna greiðslureikning til innlagna og úttekta á sjálfsafla- og/eða gjafafé, hafa umráð yfir reikningnum, fá útgefið debetkort á reikninginn, fá aðgang að netbanka og nota appið. Lögráðamaður hefur almennt ekki heimild til úttekta af sjálfsafla- og/eða gjafafé af reikningi viðskiptavinar, sem er ófjárráða fyrir æsku sakir, nema með samþykki hans. Úttektir lögráðamanna af reikningum ófjárráða eru háðar samþykki beggja lögráðamanna, séu þeir tveir, nema hvor lögráðamaður fyrir sig hafi veitt hinum umboð til að fara einn með allar þær heimildir sem fylgja reikningnum, þ.m.t. heimildir til úttekta af reikningi viðskiptavinar. Lögráðamaður getur afturkallað umboð til úttekta af reikningi hins ófjárráða viðskiptavinar. Lögráðamanni og ófjárráða viðskiptavini er hvorum um sig heimilt að fá

upplýsingar um reikninga og önnur viðskipti ófjárráða viðskiptavinar. Nauðsynlegt er að tilkynna bankanum um allar breytingar á forsjá barns eða breytingar á skipan lögráðamanns. Um meðferð á fjármunum ófjárráða og heimildir ófjárráða viðskiptavina gilda, auk skilmála þessara, lögræðislög auk annarra reglna bankans sem kunna að kveða á um önnur skilyrði en koma fram í skilmálum þessum. Þegar viðskiptavinur nær 18 ára aldri verður hann fjárráða samkvæmt lögum og ræður einn yfir fjármunum sínum. Þá falla heimildir lögráðamanna jafnframt niður.

2.7 Umboð

Umboð viðskiptavinar til þriðja aðila (umboðsmanns) til að koma fram fyrir sína hönd gagnvart bankanum skal vera á skriflegu eða rafrænu formi sem bankinn samþykkir og vera dagsett. Umboð skal vera undirritað (a) með eiginhandarundirskrift eða með öðrum hætti sem bankinn samþykkir og vottað af tveimur vitundarvottum, af lögmanni eða fulltrúa hans, löggiltum fasteignasala eða af lögbókanda (notario publico), eða (b) undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift eða með öðrum rafrænum hætti sem bankinn samþykkir. Í umboðinu skal tilgreina til hvaða viðskipta það náir og ber viðskiptavinur fulla ábyrgð á viðskiptum á grundvelli umboðsins. Uppfylli umboðið ekki kröfur bankans eða laga um form og/eða skýrleika er bankanum heimilt að hafna öllum viðskiptum á grundvelli þess. Umboðsmaður þarf að sanna á sér deili með sama hætti og viðskiptavinur. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að tilkynna bankanum um allar breytingar á umboði. Allar breytingar skulu vera skriflegar og uppfylla sömu kröfur varðandi undirskrift og vottum og eiga við um gerð umboðs. Breytingar taka gildi þegar þær berast bankanum. Sé umboð ekki tímabundið fellur það niður gagnvart bankanum við afturköllun viðskiptavinar á umboði. Aðeins viðskiptavinur getur afturkallað umboð, nema lög kveði á um annað. Þá getur umboðsmaður fellt niður umboð til sín. Tilkynning til bankans um afturköllun eða niðurfellingu umboðs þarf að vera skrifleg eða með öðrum sannanlegum hætti að mati bankans, og tekur gildi við móttöku og skráningu tilkynningarinnar af hálfu bankans. Bankinn áskilur sér jafnframt rétt til að fella einhliða úr gildi umboð ef bankinn telur að hætta sé á misferli, svikum, peningapvætti eða sambærilegu, ef bankinn telur að umboð sé ófullnægjandi eða ef meira en 24 mánuðir hafa liðið án þess að umboðið hafi verið notað. Umboð falla jafnframt sjálfkrafa niður við andlát viðskiptavinar eða umboðsmanns, sem og við niðurfellingu forsjár eða sviptingu fjárræðis viðskiptavinar eða umboðsmanns. Eldri umboð halda gildi sínu þrátt fyrir skráningu nýrra umboða nema þau séu felld niður sérstaklega. Að öðru leyti gilda lög og reglur um veitingu umboðs, breytingu og afturköllun þess.

2.8 Lánsviðskipti og ábyrgðaskuldbindingar

Við upphaf lánsviðskipta kann bankinn að fara fram á að viðskiptavinur leggi fram tryggingar fyrir skilvísunum og skaðlausum greiðslum eða að þriðji aðili gangist í ábyrgð fyrir lántaka eða veiti lánsveð. Um lánsviðskipti gilda, auk skilmála þessara, lög, reglugerðir, reglur, skilmálar viðkomandi vöru eða þjónustu, skilmálar viðeigandi skuldaskjala og/eða ábyrgðarskuldbindinga og reglur bankans eftir því sem við á. Bankinn áskilur sér rétt til að synja viðskiptavini um fyrirgreiðslu.

2.9 Upplýsingagjöf

Bankinn getur sent viðskiptavini skilaboð, upplýsingar og tilkynningar vegna viðskipta við bankann í netbanka eða í appi eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður. Þá getur bankinn notast við bréfaþóst/tölvupóst í sérstökum tilfellum. Gjald fyrir póstsendingar er birt í verðskrá bankans. Bankinn sendir viðskiptavini sjálfvirkar tilkynningar (e. push notification) með rafrænum hætti í netbanka eða appi. Viðskiptavinur getur breytt stillingum sjálfvirkra tilkynninga í snjalltæki og í vafra í tölvu. Vilji viðskiptavinur breyta samskiptaupplýsingum, t.d. símanúmeri eða netfangi, ber honum að uppfæra upplýsingar þar um í stillingum í netbanka, í appi, hjá þjónustuveri eða á afgreiðslustöðum.

Til að skrá sig inn í netbankann/appið skal viðskiptavinur ávallt fara inn á vef bankans eða opna appið eftir þeim leiðum sem bankinn tilgreinir og sannvotta/auðkenna sig með öruggum hætti í samræmi við kröfur bankans. Viðskiptavini ber að gæta sérstakrar varúðar gagnvart fólkskum skilaboðum, t.d. SMS-skilaboðum eða tölvupósti með hlekk yfir á meinta innskráningarsíðu netbankans/appsins, sem viðskiptavinur kann að fá send frá þriðja aðila, t.d. í þeim tilgangi að fá uppgöfin persónubundin öryggisskilríki og/eða svíkja út fé frá viðskiptavini. Bankinn sendir viðskiptavinum ekki skilaboð með hlekk til innskráningar í netbankann/appið. Bankinn kann þó að senda viðskiptavini skilaboð með hlekk í kjölfar þess að viðskiptavinur hafi óskað eftir tilgreindri þjónustu frá bankanum. Skilaboð frá bankanum vísa þá til þeirrar þjónustu sem óskað hefur verið eftir. Fáir viðskiptavinur skilaboð með hlekk, án þess að hafa óskað eftir tilgreindri þjónustu frá bankanum, eru skilaboðin fólksk skilaboð og skal viðskiptavinur þá ekki smella á hlekkinn, svara skilaboðunum eða auðkenna sig eftir þeim. Viðskiptavinur skal kynna sér leiðbeiningar og tilmæli bankans um öryggisráðstafanir og fylgja þeim í hvívetna.

2.10 Vextir

Vextir inn- og útlána eru breytilegir nema annað sé tiltekið eða umsamið. Innláns- og útlánsvextir ákvarðast og breytast án nokkurs fyrirvara í samræmi við vaxtaákvörðun bankans á hverjum tíma. Ef samið hefur verið um fasta vexti eða önnur sérstök vaxtakjör við bankann fara breytingar á vöxtum eftir þeim samningsskilmálum sem fram koma í samningum milli bankans og viðskiptavinar. Hægt er að fá upplýsingar um inn- og útlánsvexti á vef bankans, hjá þjónustuveri og á afgreiðslustöðum. Í hverjum mánuði eru 30 vaxtadagar og 360 vaxtadagar í árinu nema um annað sé sérstaklega samið. Vextir birtast á ársyfirliti sem birt er í netbanka eða með öðrum rafrænum hætti í ársbyrjun. Skuldavextir og verðbætur eru skuldfærð mánaðarlega hafi ekki verið um annað samið. Vextir af útlánunum eru mismunandi eftir útlánaformum. Útborgunardagur láns er fyrsti vaxtadagur nema um annað hafi verið samið.

Bankadagur er virkur dagur þegar almennir afgreiðslustaðir Landsbankans eru opnir. Ef gjalddagi, sem jafnframt er eindagi, lendir á almennum frídegi eða helgidegi færirst hann á þann bankadag sem næstur kemur á eftir gjalddaganum. Ef gjalddagi og eindagi krafna sem bankinn annast innheimtu á fyrir þriðja aðila er ekki sami dagur færirst eindagi ekki þótt hann lendi á almennum frídegi eða helgidegi.

Í skilmálum þessum er í kafla um greiðslureikninga kveðið á um sérreglur um vexti greiðslureikninga.

2.11 Erlend viðskipti

Landsbankinn ber enga ábyrgð á mögulegum mistökum eða vanrækslu sem leiða kann af vali viðskiptavinar á erlendum viðskiptaaðila og áreiðanleika hans. Hið sama gildir um mistök eða vanrækslu erlendra fjármálafyrirtækja. Viðskiptavini bankans er bent á að kynna sér skilmála viðkomandi erlends fjármálafyrirtækis, gildandi löggjöf þess ríkis og framkvæmd viðskipta í viðkomandi landi. Gengistafla Landsbankans gildir í öllum viðskiptum með erlenda gjaldmiðla nema um annað sé sérstaklega samið. Eðli viðskipta ræður því hvaða gengi er notað og hvort notað er stundargengi, lokagengi eða sérgengi sem ákveðið er af bankanum. Í þeim viðskiptum sem myndast getur gengismunur ber viðskiptavinur alla áhættu þar af nema sérstaklega hafi verið samið um annað.

Í skilmálum þessum er kveðið á um sérreglur um greiðslureikninga og greiðslur í erlendum gjaldmiðli.

2.12 Verðskrá

Viðskiptavinur greiðir gjöld fyrir vörur og þjónustu bankans og útlagðan kostnað í tengslum við veitta þjónustu í samræmi við verðskrá bankans eins og hún er á hverjum tíma. Kveði aðrir skilmálar eða samningar bankans við viðskiptavini á um gjaldtöku skulu þeir skilmálar gilda framur verðskrá bankans. Bankanum er heimilt að skuldfæra gjöld og kostnað á greiðslureikning viðskiptavinar hjá bankanum og skulu skuldfærslur koma fram á reikningsyfirliti viðskiptavinar. Landsbankinn getur breytt verðskrá sinni án nokkurs fyrirvara. Verðskrá bankans er birt á vef bankans. Viðskiptavinur getur einnig fengið upplýsingar um verðskrá á afgreiðslustöðum eða í þjónustuveri.

3 Netbanki

3.1 Almenn um netbanka

Netbanki er svæði á netinu þar sem viðskiptavinur Landsbankans skráir sig inn með sannvottun/auðkenningu, sem bankinn viðurkennir. Netbanki er aðgengilegur á vef bankans, í farsímabanka og í appi. Til þess að viðskiptavinur geti nýtt sér þjónustu netbanka þarf búnaður viðskiptavinar að vera tengdur við internetið. Bankinn áskilur sér rétt til að ákveða einhliða þá þjónustu og þær samskiptaleiðir sem í boði eru í netbanka, sem og að breyta þjónustunni/samskiptaleiðum. Þjónusta netbanka kann að vera ólík eftir því hvort viðskiptavinur skráir sig inn í netbanka á vef bankans, í farsímabanka eða í appi. Bankinn er eigandi hugbúnaðar sem netbanki byggist á. Viðskiptavinur hefur leyfi til aðgangs og notkunar hans. Viðskiptavini er algerlega óheimilt að gera eða láta gera breytingar á hugbúnaði þeim sem tengist netbanka.

Persónubundin öryggisskilríki eru persónubundnir þættir, t.d. PIN, leyninúmer, lykilorð, öryggisnúmer, einskiptis auðkenningarnúmer/kóði sendur viðskiptavini til staðfestingar á viðskiptum, sem bankinn viðurkennir á hverjum tíma í tilgangi sannvottunar/auðkenningar viðskiptavinar. Sannvottun/auðkenning er aðferð sem gerir bankanum kleift að sannreyna deili á viðskiptavini eða heimild til notkunar tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkunar á persónubundnum öryggisskilríkjum viðskiptavinar. Sterk sannvottun er sannvottun á grundvelli notkunar tveggja eða fleiri þátta sem flokkast sem þekking, umráð og eðlislægni. Bankinn áskilur sér rétt til að breyta kröfum sínum til sannvottunar/auðkenningar án fyrirvara. Eftir að viðskiptavinur hefur skráð sig inn í netbanka ber viðskiptavinur ábyrgð á og er bundinn af öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru í netbankanum. Sama gildir komist utanaðkomandi aðilar yfir upplýsingar um aðgang að netbanka eða fá aðgang að honum með öðrum hætti. Viðskiptavini ber að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja sem hann notar til sannvottunar/auðkenningar. Viðskiptavini er óheimilt að láta persónubundin öryggisskilríki sín öðrum í té og ber ávallt að gæta þess að enginn fái, sjái eða geti afritað persónubundin öryggisskilríki sín. Viðskiptavinur skal halda persónubundnum öryggisskilríkjum sínum og öllum upplýsingum er varða sannvottun/auðkenningu hans í netbanka og upplýsingum tengdum greiðslumiðli (t.d. númer á greiðslukorti) leyndum og ber viðskiptavinur ábyrgð á því að slíkar upplýsingar berist ekki í hendur þriðja aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Viðskiptavini ber að gæta sérstakrar varúðar gagnvart fólkskum skilaboðum, t.d. SMS-skilaboðum eða tölvupósti með hlekk yfir á meinta innskráningarsíðu netbankans/appsins, sem viðskiptavinur kann að fá send frá þriðja aðila í þeim tilgangi að fá uppgefna slíkar upplýsingar, þ.m.t. persónubundin öryggisskilríki, og/eða svíkja út fé frá viðskiptavini. Varðveiti viðskiptavinur ekki persónubundin öryggisskilríki sín og aðrar framangreindar upplýsingar með öruggum hætti eða í samræmi við framangreint, t.d. með því að gæta ekki varúðar gagnvart fólkskum skilaboðum frá þriðja aðila, telst það vera stórfellt gáleysi af hans hálfu. Verði viðskiptavinur þess áskynja að óviðkomandi aðili hafi reynt að fá eða hafi fengið vitneskju um persónubundin öryggisskilríki sín og aðrar framangreindar upplýsingar skal viðskiptavinur tafarlaust tilkynna slíkt til bankans, og eftir atvikum breyta persónubundnu öryggisskilríkjunum. Sama á við ef viðskiptavinur verður var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans. Til að tryggja öryggi skal viðskiptavinur virkja læsingar á tækjum sem hann notar til innskráningar í netbanka. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem notkun netbanka eða notkun tenginga við netbanka kann að valda. Bankinn ber heldur ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem hlýst af því að þriðji aðili fær aðgang að persónubundnum öryggisskilríkjum, aðgang að reikningum í netbanka/appi, t.d. á grundvelli falskra skilaboða, eða aðgang að upplýsingum tengdum greiðslumiðli (t.d. númeri á greiðslukorti). Þá ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem orsakast kann af fyrirvararlausi lokun netbanka, tenginga eða viðbóta við netbanka, t.d. vegna nauðsynlegra viðhaldsaðgerða, bilana í hug- eða vélbúnaði, uppfærslu skráa, breytinga á kerfi, eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Láni viðskiptavinur, selji eða heimili öðrum umráð yfir tæki sem appið hefur verið sótt í skuldbindur hann sig til að skrá sig út úr appinu. Hafi verið átt við tækið með þeim hætti að öryggi þess hafi á einhvern hátt verið ógnað, t.d. með uppsetningu óruggra forrita, er notkun appsins á tækinu ekki örugg og því óheimil með öllu. Viðskiptavinur skal að öðru leyti sýna varkárni við viðskipti í netbanka. Fáí viðskiptavinur sendan einskiptis auðkenningarnúmer/kóða til samþykktar á framkvæmd greiðslu skal hann ekki heimila greiðsluna með númerinu/kóðanum nema hafa sannreynt að um rétta fjárhæð, réttan gjaldmiðil og réttan viðtakanda sé að ræða. Sinni viðskiptavinur ekki varúðarskyldum sínum í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi af hans hálfu.

Viðskiptavinur skal án óþarfa tafar tilkynna bankanum um það verði hann var við misnotkun eða óheimila notkun á netbanka. Viðskiptavinur skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun netbanka ef bankinn hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, vegna tilkynningarskyldu um greiðslumiðil sem hefur tynnst, verið stolið eða notaður með óréttmætum hætti. Bankanum er heimilt, fyrirvaralaust og án tilkynningar, að loka aðgangi viðskiptavinar að netbanka eða takmarka notkun viðskiptavinar í netbanka, í heild eða að hluta, tímabundið eða varanlega, í eftirfarandi tilfellum: (a) ef grunur leikur á um óheimila eða sviksamlega notkun á netbanka eða á þjónustu netbankans, (b) ef grunur leikur á um brot á reglum eða skilmálum bankans, (c) ef grunur leikur á um að þriðji aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar viðskiptavinar, með eða án samþykkis viðskiptavinar, (d) vegna uppfærslu skráa, kerfisbreytinga eða annarra tæknilegra ástæðna eða öryggisástæðna eða (e) ef bú viðskiptavinar er tekið til gjaldþrotaskipta, ef viðskiptavinur leitar nauðasamninga, greiðslustöðvunar, eða ef fyrir hendi eru aðrar sambærilegar ástæður. Viðskiptavini er gert viðvart eins fljótt og kostur er. Séu ástæður fyrir lokuninni ekki lengur fyrir hendi skal bankinn opna fyrir notkunina. Bankanum er heimilt að loka fyrir aðgang viðskiptavinar að netbanka ef aðgangur hans hefur verið óvirkur samfellt í 6 mánuði eða lengri tíma. Upplýsingar um viðskipti, þ.m.t. stöðu viðskiptafyrirmæla, kunna að verða óaðgengilegar tímabundið í netbanka vegna álags á viðkomandi tölvu- og/eða viðskiptakerfi. Ákveðin þjónusta eða aðgerðir í netbanka geta sótt staðsetningu tækis út frá GPS hnítum, netkerfum eða dreifikerfi símafyrirtækja, t.d. upplýsingar um afgreiðslustaði. Hægt er að stýra aðgengi að slíkum þjónustum, þar sem við á í tækinu sjálfu. Bankinn sækir ekki upplýsingar um staðsetningar úr tækinu nema á grundvelli skýrrar heimildar. Bankinn ber ekki ábyrgð á þeim kröfum sem birtast í kröfulistu yfir ógreidda reikninga og bankinn er ekki kröfuhafi að. Hafi viðskiptavinur athugasemdir við slíkar kröfur skal viðskiptavinur hafa samband við skráðan kröfuhafa.

3.2 Sérákvæði um netbanka fyrirtækja

Umsókn um netbanka fyrirtækja, sem Landsbankinn hefur samþykkt, og skilmálar þessir fela í sér samning um netbanka fyrirtækja. Þeim sem hefur heimild til að skuldbinda fyrirtæki samkvæmt reglum þess eða samkvæmt hlutafélagaskrá (stjórn, framkvæmdastjóri eða prókúruhafi) ber að tilkynna bankanum hvaða notendur eigi að hafa aðgang að netbanka og hversu víðtækur sá aðgangur á að vera. Prókúruhafi og framkvæmdastjóri samkvæmt skráningu hjá hlutafélagaskrá eru aðgangsstjórar í netbanka fyrirtækja. Fyrirtæki getur einnig tilnefnt aðra notendur sem aðgangsstjóra en hann hefur þá fullan og ótakmarkaðan aðgang að netbanka fyrirtækis, m.a. til þess að skoða allar aðgerðir í netbanka. Í því felst ákvörðunarvald aðgangsstjóra um það hvaða aðrir notendur fara með aðgangsheimildir í netbanka fyrirtækis á hverjum tíma og hversu víðtækan aðgang hverjum og einum er falinn. Tilnefni fyrirtæki ekki aðgangsstjóra telst sá sem stofnar til viðskipta fyrir hönd fyrirtækis aðgangsstjóri. Notandi fær aðgangsupplýsingar sendar í netbanka sinn. Fyrirtæki ber að sjá til þess að notandi kynni sér skilmála þessa og að hann geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á fyrirtæki hvílir á grundvelli þeirra. Eftir að notandi hefur skráð sig inn í netbanka með sannvottun/auðkenningu ber fyrirtæki ábyrgð á og er bundið af öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru í netbankanum. Aðgangsstjóri og notendur mega ekki vera á vanskilaskrá með árangurslaust fjárnám eða gjaldþrota. Aðgangsstjóri og notendur sem hafa víðtækari heimildir en til skoðunar og skráningar í bunka skulu jafnframt vera lógráða. Fyrirtæki ber ábyrgð á að allir notendur uppfylli þessi skilyrði. Framkvæmdastjóri, prókúruhafi, firmanitarar og aðgangsstjóri bera ábyrgð á viðhaldi réttinda notenda að netbankanum. Telji fyrirtæki að loka þurfi fyrir aðgang notenda að netbankanum getur aðgangsstjóri lokað fyrir aðgang eða óskað eftir því við bankann að lokað verði fyrir aðgang.

3.2.1 Samskiptagátt utan netbanka fyrirtækja

Fyrirtæki getur sótt um aðgang að samskiptagátt milli fyrirtækisins og bankans. Samskiptagátt er sérstök viðbót við netbanka fyrirtækja til gagnaflutnings milli bankans og bókhaldskerfis fyrirtækis. Þegar bankinn hefur samþykkt umsókn um aðgang að samskiptagátt skuldbindur fyrirtæki sig til að gæta fyllsta öryggis varðandi þá notendur sem það heimilar notkun samskiptagátta. Jafnframt gerir fyrirtæki sér fulla grein fyrir að aðgangsstýring er alfarið á ábyrgð þess. Þjónustuaðili utan eða innan fyrirtækis annast alla uppsetningu samskiptagátta. Uppsetningin er án ábyrgðar bankans. Fyrirtæki ber ábyrgð á öllum aðgerðum sem notendur þess framkvæma með samskiptagátt. Jafnframt ber fyrirtæki ábyrgð á því að gera þær ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi bankaupplýsinga sinna og lögmæti vinnslu allra persónuupplýsinga, sem og reikjanleika færslna sem framkvæmdar eru með samskiptagátt. Fyrirtæki ber ábyrgð á öllu tjóni sem bankinn eða þriðji aðili kann að verða fyrir vegna notkunar þess og notenda þess á samskiptagátt. Sama gildir komist utanaðkomandi aðilar í upplýsingar um aðgang að kerfinu eða fá aðgang að því með öðrum hætti. Bankinn ber enga ábyrgð á tjóni sem stafar af því að búnaður, sem fyrirtæki, þjónustuaðili eða samstarfsaðili bankans leggur eða ber að leggja til, virkar ekki sem skyldi. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem fyrirtæki eða þriðji aðili kann að verða fyrir vegna misnotkunar notenda fyrirtækisins á heimildum sínum til aðgerða með aðstoð samskiptagátta. Fyrirtæki sem nýtir sér samskiptagátt veitir bankanum heimild til að sækja upplýsingar um kröfur á hendur því frá Reiknistofu bankanna til notkunar fyrir aðra aðila sem nýta sér samskiptagátta. Bankinn ber ekki ábyrgð á því að upplýsingar í samskiptagátt séu réttar, áreiðanlegar eða nýjar. Aðgangur að samskiptagátt er uppseggjanlegur af beggja hálfu með eins mánaða fyrirvara.

4 Reikningar

4.1 Um reikninga

Reikningur er stofnaður í nafni viðskiptavinar (hér eftir „reikningseigandi“). Reikningur sem notaður er við framkvæmd greiðslu getur verið greiðslureikningur, sbr. lög um greiðsluþjónustu. Bankinn notar mismunandi heiti fyrir mismunandi tegundir reikninga og fer það eftir eðli hverrar tegundar hvort um sé að ræða greiðslureikninga. Um einstaka reikninga geta, auk skilmála þessara, gilt sérstakir skilmálar eða reglur bankans. Skilmálar reikninga eru birtir og aðgengilegir á vef bankans. Viðskiptavinur stofnar reikning í sjálfsafgreiðslu eða á afgreiðslustað bankans. Bankanum er heimilt að hafna stofnun reiknings, m.a. ef upplýsingar um viðskiptavin eru ófullnægjandi, og mun bankinn tilkynna um höfnunina eins fljótt og auðið er. Óheimilt er að stofna reikning fyrir hönd annars aðila nema viðskiptavinur veiti umboð til þess, enda mæli lög ekki fyrir um annað. Við stofnun reiknings ber viðskiptavini að sanna á sér deili með fullgildum

persónuskilríkjum, þ.e. vegabréfi, nafnskírteini, ökuskírteini eða fullgildum rafrænum skilríkjum, með sannvottun/auðkenningu við innskráningu í netbanka eða annarri auðkenningu í samræmi við öryggiskröfur bankans á hverjum tíma. Bankinn áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara.

Reikningur telst stofnaður í íslenskum krónum nema um annað hafi verið samið. Skilmálar þessir gilda óháð því hvort reikningur er í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli, að teknu tilliti til sérákvæða í skilmálum þessum um reikninga og greiðslur í erlendum gjaldmiðli.

Um innstæður á reikningum gilda skilmálar fyrir hverja tegund reiknings fyrir sig. Skilmálar reiknings geta m.a. kveðið á um að innstæða reikningsins sé bundin í tiltekinn tíma og að úttekt innstæðu eftir binditíma sé háð tilteknum skilyrðum. Um verðtrygga reikninga gilda reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár á hverjum tíma, auk skilmála viðkomandi reikninga.

4.2 Leyninúmer og aðgengi að reikningi

Viðskiptavinur velur sér leylinúmer á reikning sem hann notar til staðfestingar á greiðslu í samskiptum við bankann, t.d. í netbankanum, í þjónustusíma bankanna og hjá þjónustuveri bankans. Við val á leylinúmeri skal viðskiptavinur gæta þess að leylinúmerið sé ekki þess eðlis að auðvelt reynist að rekja það til viðkomandi viðskiptavinar. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að upplýsa ekki óviðkomandi aðila um leylinúmerið. Með óviðkomandi aðila er átt við aðila sem ekki hefur heimild til að gefa greiðslufyrirmæli af reikningi viðskiptavinar í samræmi við skilmála þessa. Ef viðskiptavinur hefur ástæðu til að ætla að óviðkomandi aðili hafi fengið vitneskju um leylinúmerið skuldbindur viðskiptavinur sig til að tilkynna bankanum um það án tafar og breyta leylinúmerinu strax og hann verður þess var. Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllum greiðslum og aðgerðum sem framkvæmdar eru með notkun leylinúmers eða öðrum persónubundnum öryggisskilríkjum.

4.3 Greiðslufyrirmæli og framkvæmd greiðslna

Reikningur getur verið notaður með þeim greiðslumiðli sem bankinn útvegar. Með greiðslumiðli er í skilmálum þessum átt við persónubundinn búnað og/eða aðferðir sem bankinn og viðskiptavinur koma sér saman um og viðskiptavinurinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli, t.d. greiðslukort eða rafrænar/stafrænar greiðslulausnir. Notkun greiðslumiðils fer jafnframt eftir skilmálum viðkomandi greiðslumiðils.

Þegar viðskiptavinur gefur greiðslufyrirmæli skal hann sanna á sér deili með sannvottun eða annarri fullnægjandi auðkenningu í samræmi við kröfur bankans. Framangreint á við hvort sem aðgerðin er framkvæmd með greiðslumiðli eða ekki.

Viðtökutími greiðslufyrirmæla er sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast bankanum. Fyrir tilteknar tegundir greiðslna getur bankinn þó fastsett lokunartíma á bankadegi og skulu viðkomandi greiðslufyrirmæli sem hann tekur við eftir fastsettan lokunartíma þá teljast móttækin næsta bankadag á eftir. Bankinn telst ekki hafa móttækið greiðslufyrirmæli fyrr en hann hefur móttækið allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma greiðsluna. Eftir að bankinn hefur tekið við greiðslufyrirmælum í íslenskum krónum er greiðslan eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda í síðasta lagi í lok næsta bankadags. Greiðslur í íslenskum krónum innanlands eru framkvæmdar á opnunartíma millibankakerfis Seðlabanka Íslands sem kynntur er á vef Seðlabankans. Eftir að bankinn hefur tekið við greiðslufyrirmælum í evrum er greiðslan eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda í síðasta lagi í lok næsta bankadags, enda sé greiðslan framkvæmd innan Evrópska efnahagssvæðisins og uppfylli kröfur SEPA-greiðslukerfisins. Annars er miðað við að greiðslufyrirmæli í erlendum gjaldmiðli sé eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda fimm bankadögum eftir viðtöku, enda leiði sérstakar ástæður ekki til lengri tíma.

Bankinn getur frestað, stöðvað og/eða synjað um framkvæmd greiðslufyrirmæla, hvort sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu á framkvæði að þeim, séu skilyrði laga, skilmála þessara, annarra skilmála eða reglna bankans ekki uppfyllt, t.d. ef ekki er næg innstæða á reikningi, ef lokað hefur verið fyrir útborganir af öðrum ástæðum, af öryggisástæðum, ef hættu er talin á misferli eða svikum, vegna verulegrar aukinnar hættu á því að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskilyrði sína, ef vafi er uppi um heimild greiðanda til að nýta reikninginn eða vegna reglubundins eftirlits með greiðslum sem felur í sér öflun upplýsinga um tengsl greiðanda og viðtakanda, uppruna fjármuna, tilgang viðskipta o.fl. Bankinn notar erlenda greiðslumiðlunarbanka til að senda og móttaka erlendar greiðslur fyrir hönd viðskiptavina. Af þeim sökum kann bankinn að óska eftir nánari upplýsingum um greiðslurnar og miðla þeim upplýsingum áfram til erlendra greiðslumiðlunarbanka.

Synji bankinn um framkvæmd greiðslufyrirmæla verður viðskiptavini tilkynnt um það, nema annað leiði af lögum. Megi rekja synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla til viðskiptavinar er bankanum heimilt að taka gjald fyrir skriflegar tilkynningar. Hafni bankinn greiðslufyrirmælum jafngildir það því að greiðslufyrirmæli hafi ekki verið móttækin. Bankanum er þrátt fyrir framangreint heimilt að fresta framkvæmd greiðslufyrirmæla þar til næg innstæða er á reikningi viðskiptavinar að meðtöldum kostnaði og öðrum gjöldum. Í því sambandi er bankanum heimilt að láta reyna á skuldfærslu á reikning viðskiptavinar fyrir greiðslunni eftir móttöku greiðslufyrirmælanna þar til þau eru framkvæmd. Berist bankanum fleiri en ein greiðslufyrirmæli á sama degi ber bankinn ekki ábyrgð á því í hvaða röð þau eru framkvæmd eða hvaða greiðslufyrirmæli eru ekki framkvæmd vegna ónógrar innstæðu.

Fyrirfram móttækin greiðslufyrirmæli verða framkvæmd þrátt fyrir að síðari atburðir geri það að verkum að sá sem gaf fyrirmælin hefði sjálfur ekki getað gefið þau, t.d. vegna afturköllunar á prókúru eða vegna andláts viðskiptavinar. Viðskiptavinur getur einungis afturkallað eða stöðvað greiðslufyrirmæli ef skilyrði laga um greiðsluþjónustu þar að lúandi eru uppfyllt og að því gefnu að viðskiptavinur sé neytandi. Bankinn getur krafist gjalds vegna afturköllunar greiðslufyrirmæla. Fyrirfram móttækin greiðslufyrirmæli verða þó að jafnaði ekki framkvæmd eftir að reikningi hefur verið lokað. Bankinn ber ábyrgð á framkvæmd greiðslufyrirmæla í samræmi við lög þar til banki viðtakanda greiðslunnar hefur tekið við greiðslunni. Eftir það tímamark verður banki viðtakanda greiðslunnar ábyrgur gagnvart viðtakandanum um rétta framkvæmd greiðslunnar. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að greiðslufyrirmæli hans séu rétt. Bankinn er ekki ábyrgur fyrir mistökum viðskiptavinar, t.d. þegar slegið er inn rangt kennimerki fyrir viðtakanda

greiðslu. Slík mistök verða ekki leiðrétt einhliða af hálfu bankans án samþykkis viðtakanda greiðslunnar. Sýni viðskiptavinur fram á með gögnum að fjárhæð greiðslu, sem heimiluð var af viðskiptavini og viðtakandi greiðslu átti frumkvæði að, hafi ekki verið nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt og að greiðsla af reikningi hans sé hærrí en hann mátti með sanngjörnum hætti gera ráð fyrir miðað við útgjaldamynstur hans, skilmála þessa og málsatvik að öðru leyti, skal hann tilkynna það til bankans og óska eftir endurgreiðslu innan átta vikna frá því að fjármunirnir voru skuldfærðir af reikningi hans. Að uppfylltum þeim skilyrðum ber bankanum að endurgreiða viðskiptavini greiðsluna innan tíu bankadaga frá móttöku tilkynningar frá viðskiptavini. Að öðrum kosti synjar bankinn um endurgreiðslu. Framangreint á ekki við þegar viðskiptavinur, sem ekki er neytandi í skilningi laga um greiðsluþjónustu, með síðari breytingum, gefur þriðja aðila munnlegt samþykki fyrir úttekt af reikningi sínum. Þá á viðskiptavinur ekki rétt á endurgreiðslu ef hann hefur veitt samþykki fyrir greiðslunni beint til bankans og, ef við á, bankinn eða viðtakandi greiðslu veittu fyrirfram upplýsingar um greiðslur eða kom þeim á framfæri við greiðanda, a.m.k. fjórum vikum fyrir gjalddaga. Hafi greiðslufyrirmæli verið afturkölluð ber bankinn hvorki ábyrgð á greiðslu vaxta né annarra gjalda vegna gjaldfallinna greiðslna.

Um greiðsluþjónustu gilda takmarkanir sem kunna að felast í lögum um gjaldeyrismál á hverjum tíma, reglum settum samkvæmt þeim lögum og reglugerð um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna. Ef samið hefur verið um reglubundnar greiðslur skal hlutfallslega tekið tillit til gildistíma uppsagnar við innheimtu greiðslna eftir uppsögn samnings. Bankanum er heimilt að taka gjald fyrir greiðslur af greiðslureikningum. Einnig er bankanum heimilt að taka gjald vegna aðstoðar við að endurheimta fé sem greitt hefur verið fyrir mistök, t.d. vegna þess að greiðslufyrirmælum fylgdu rangar upplýsingar um móttakanda greiðslu. Um gjalddöku fer eftir verðskrá bankans á hverjum tíma.

Ef notandi greiðsluþjónustu Landsbankans er ekki neytandi skulu ákvæði IV. kafla og ákvæði 1. og 2. mgr. 62. gr., 3. mgr. 64. gr., 78., 80., 82., 83., 86. og 93. gr. laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu ekki gilda um þjónustuna.

4.4 Upplýsingar um reikning og notkun hans

Skilaboð, upplýsingar og tilkynningar vegna reiknings, t.d. breytingar á skilmálum, vöxtum og kostnaði og gjaldafirilit skv. lögum um greiðslureikninga, eru birt viðskiptavini á vef bankans eða í netbanka eða í appi eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður. Þá getur bankinn notast við bréfaþóst í sérstökum tilfellum. Gjald fyrir slíka þjónustu er birt í verðskrá.

4.5 Reikningar og greiðslur í erlendum gjaldmiðli og viðmiðunargengi

Greiðslur á milli reikninga í mismunandi gjaldmiðlum fela í sér gjaldeyrisviðskipti. Bankinn notar viðmiðunargengi, almennt gengi, til grundvallar útreikningi við gjaldeyrisviðskipti. Bankinn birtir upplýsingar um almennt gengi á vef bankans. Bankinn notar viðmiðunargengi, seðlagengi, til grundvallar útreikningi við kaup og sölu á seðlum á afgreiðslustað og í hraðbanka. Þá getur bankinn notað sérgengi sem viðmiðunargengi til grundvallar útreikningi við tiltekin viðskipti. Sérgengi er birt í tengslum við viðkomandi viðskipti. Breytingar á gengi byggjast á kaup- og sölutilboðum á millibankamarkaði með gjaldeyri eða á gengi erlendra gjaldmiðla auk álags. Bankinn notar jafnframt viðmiðunargengi til útreiknings við uppgjör á erlendum færslum greiðslukorta yfir í íslenskar krónur og birtir bankinn upplýsingar um það gengi á vef bankans. Gengi til útreiknings á erlendum færslum greiðslukorta og færslum í annarri mynt en grunnmynt greiðslukorts tekur breytingum sem byggjast á breytingum á gengisskráningu hjá viðkomandi kortafyrirtæki auk álags eða eftir atvikum affalla. Breytingar á gengi sem byggjast á breytingum á viðmiðunargengi samkvæmt skilmálum þessum taka gildi þegar í stað og án viðvörunar. Viðskiptavinur nýtur gengishagnaðar eða tekur á sig gengistap vegna þróunar gengis viðkomandi gjaldmiðla.

Um reikninga og greiðslur í erlendum gjaldmiðli gilda lög um gjaldeyrismál og reglur settar samkvæmt þeim lögum. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að öll gögn og allar upplýsingar, á hvaða formi sem er, sem hann veitir bankanum í tengslum við gjaldeyrisviðskipti eða fjármagnshreyfingar á milli landa séu rétt, ófölsuð og áreiðanleg.

4.6 Vextir og vaxtaútreikningur reikninga

Vextir reikninga eru breytilegir nema samið sé um annað og fara eftir vaxtatöflu bankans fyrir viðkomandi reikningstegund. Vaxtataflan er birt og er aðgengileg á vef bankans. Breytingar á vaxtatöflu eru tilkynntar með birtingu á vef bankans eða í netbanka eða í appi eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður. Vaxtaákvæðanir taka m.a. mið af vöxtum Seðlabanka Íslands, vöxtum á markaði og öðrum fjármögnunarkjörum Landsbankans. Breytingar á innlánsvöxtum greiðslureikninga taka gildi tveimur mánuðum eftir að þær eru tilkynntar. Sérstakir skilmálar reiknings kunna að kveða á um að vaxtabreytingar skuli byggja á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og skulu slíkar breytingar þá taka gildi þegar í stað og án viðvörunar við breytingu á vaxtatöflu bankans. Sama á við um vaxtabreytingar sem bankinn metur að séu viðskiptavini í hag. Þrátt fyrir framangreint taka allar vaxtabreytingar á reikningum annarra viðskiptavina en neytenda í skilningi laga um greiðsluþjónustu gildi án fyrirvara við breytingu á vaxtatöflu.

Innstæður bera innlánsvexti frá innborgunardegi og fram að útborgunardegi nema um annað hafi verið samið. Síðasti reikningsdagur innlánsvaxta er dagurinn fyrir úttekt. Vextir leggjast almennt við höfuðstól um áramót og við eyðileggingu reiknings. Sé reikningur bundinn kunna vextir, sem lagðir eru við höfuðstól um áramót, að bindast með sama hætti og aðrar innborganir. Almennt eru vextir reiknaðir 360 daga á ári (vaxtaár). Vaxtafímabil hvers mánaðar eru 30 dagar. Upphaf hvers tímabils fer eftir tegund og skilmálum reiknings á hverjum tíma. Þegar reikningur er verðtryggður reiknast verðbætur um hver mánaðamót samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og leggjast almennt við höfuðstól í lok hvers mánaðar. Fjármagnstekjuskattur reiknast af vöxtum, verðbótum og gengishagnaði í samræmi við ákvæði laga og er skuldfærður af viðkomandi reikningi.

4.7 Yfirdráttur og innstæðulausar úttektir

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að fylgjast með stöðu reiknings og er óheimilt að draga á reikninginn fjárhæð sem er umfram innstæðu eða heimilan yfirdrátt. Dragi viðskiptavinur á reikning umfram innstæðu eða samþykka

yfirdráttarheimild (t.d. með innstæðulausri debetkortafærslu) eða yfirdráttarheimild fellur niður skal viðskiptavinur greiða gjald fyrir innstæðulausar úttektir (FIT) samkvæmt verðskrá bankans hverju sinni. Gjald samkvæmt framangreindu reiknast af hverri innstæðulausri úttekt. Ósamþykktur yfirdráttur er gjaldkræfur samdægurs og ber dráttarvexti frá færsludegi (þ.e. þeim degi sem greiðsla er færð til bókar í kerfum bankans) og til greiðsludags. Greiði viðskiptavinnur inn á reikninginn eftir að hafa dregið á reikninginn umfram innstæðu eða yfirdráttarheimild áskilur bankinn sér rétt til að ráðstafa greiðslunni fyrst til greiðslu á kostnaði vegna óheimils yfirdráttar, þ.m.t. innheimtugjalda og lögmannspóknunar, því næst til greiðslu á dráttarvöxtum og þá til greiðslu á vöxtum og skuld samkvæmt yfirdrætti. Séu vanskil á reikningi ekki gerð upp áskilur bankinn sér rétt til að gjaldfella skuldina, fyrirvaralaust og án uppsagnar, og leita fullnustu kröfunnar með innheimtu. Bankanum er heimilt að fela þriðja aðila að annast innheimtu kröfunnar fyrir sína hönd. Um gjald fyrir frum- og milliinnheimtu fer eftir verðskrá bankans eða gjaldskrá viðkomandi ytri innheimtuaðila og um gjald fyrir löginnheimtu fer eftir verðskrá viðkomandi innheimtuaðila.

4.8 Reikningsfærslur og yfirlit

Yfirlit yfir allar færslur á reikningum (reikningsyfirlit) eru birt og eru aðgengileg í netbanka. Ársyfirlit eru birt á rafrænu formi í netbanka. Viðskiptavinur, sem ekki hefur aðgang að netbanka, getur óskað eftir því að fá ársyfirlit send til sín í bréfapósti. Viðskiptavinur skal yfirfara reikningsyfirlit sín reglulega. Viðskiptavinur skal tilkynna bankanum án óþarfa tafar verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu sem gefur tilefni til kröfu um leiðréttingu (sjá nánar kafla 6).

Bankinn endurgreiðir fjárhæðir sem bankinn sannanlega tekur ranglega út af reikningum viðskiptavina sinna.

Viðskiptavinur heimilar bankanum að bakfæra og/eða leiðrétta fjárhæðir sem verða fyrir mistök eða vegna kerfisvillu lagðar inn á reikning viðskiptavinnar. Slíkar leiðréttingar skulu eiga sér stað án óeðlilegra tafa og koma fram á reikningsyfirliti viðskiptavinnar.

Viðskiptavini ber að fara vel yfir upplýsingar áður en greitt er inn á reikning þriðja aðila, hvort sem greiðsla er framkvæmd með greiðslumiðli, í gegnum netbanka, síma, hjá gjaldkera eða með öðrum hætti. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að upplýsingar um fjárhæð greiðslu, móttakanda greiðslu og skýringar með greiðslu séu réttar.

4.9 Lokun reikninga og annarra þjónustupáttá

Óski viðskiptavinnur eftir því að reikningi hans verði lokað getur hann lagt fram skriflega beiðni þess efnis til bankans, óskað eftir því símléiðis eða, eftir atvikum, lokað sjálfur reikningi í sjálfsafgreiðslu. Segi viðskiptavinur skilmálum þessum upp áskilur bankinn sér rétt til að loka reikningi og öðrum þjónustupáttum, s.s. netbanka, að fullu eða að hluta, tímabundið eða varanlega, að eigin frumkvæði og án þess að tilkynna viðskiptavini um það fyrirfram. Sama á við ef viðskiptavinur verður uppvís að því að brjóta lög, reglur bankans, skilmála bankans eða aðrar reglur sem gilda um viðskipti hans við bankann, ef viðskiptavinur eða þriðji aðili verður uppvís að því að misnota reikning, viðskiptavinur verður ekki við kröfu bankans um að uppfæra eða veita upplýsingar í reglubundnu eftirliti með peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ef viðskiptin teljast að mati bankans fela í sér hættu á fjársvikum, peningþvætti og/eða fjármögnun hryðjuverka eða ef viðskiptasambandið getur að mati bankans skaðað orðspor hans eða samræmist að mati bankans ekki áhættustefnu hans. Jafnframt getur bankinn þá ráðstafað innstæðu á reikningnum inn á reikning hjá bankanum. Þá áskilur bankinn sér jafnframt rétt til að loka reikningi ef reikningur hefur staðið óhreyfður í 2 ár eða lengur, að undangenginni tilkynningu sem bankinn sendir viðskiptavini þar um, og ráðstafa innstæðunni inn á annan reikning viðskiptavinnar eða, ef hann á ekki annan reikning, inn á reikning hjá bankanum. Skuldi viðskiptavinur bankanum gjöld eða aðrar þóknunar vegna veittrar þjónustu þegar reikningi er lokað skv. framangreindu er bankanum heimilt að skuldfæra gjöldin af reikningi viðskiptavinnar fyrir lokun hans. Ef neikvæð staða er á reikningi viðskiptavinnar við lokun, t.d. vegna kostnaðarfærslna, getur bankinn jafnframt leitað fullnustu kröfunnar með innheimtu. Viðskiptavinur verður látinn vita af lokun reiknings svo fljótt sem verða má.

5 Greiðslukort

5.1 Um greiðslukort

Greiðslukort eru debetkort og kreditkort (hér eftir er vísað til þeirra í sameiningu sem „greiðslukort“ eða „kort“). Greiðslukort er tengt við tiltekinn greiðslureikning vegna debetkorts eða kortareikning vegna kreditkorts (í kafla 5 verður hér eftir vísað til greiðslureiknings og kortareiknings í sameiningu sem „reiknings“). Kortið má nota til að greiða fyrir vörur og þjónustu, til úttekta á reiðufé eða til annarra nota sem samrýmast skilmálum þessum og öðrum reglum um notkun greiðslukorta sem í gildi eru á hverjum tíma. Reikningseigandi getur óskað eftir útgáfu fleiri en eins debetkorts á greiðslureikning sinn. Óski reikningseigandi eftir því að bankinn afhendi öðrum aðila kort á reikning sinn veitir reikningseigandi þeim aðila heimild til að skuldbinda reikningseiganda og nota kortið til samræmis við skilmála þessa. Greiðslur/úttektir með korti dragast af greiðslureikningi eða færast á kortareikning. Reikningseigandi greiðir kostnað vegna útgáfu og notkunar korts í samræmi við verðskrá bankans. Reikningseigandi greiðir jafnframt kostnað við kortanotkun sem aðrir þjónustuaðilar leggja á, þ.m.t. hraðbankaþjónustuveitendur vegna reiðufjárúttekta. Korthafi er sá sem kort er gefið út á. Korthafi getur verið reikningseigandi eða sá sem reikningseigandi heimilar að sé með kort á reikning sinn. Korthafi er einnig sá einstaklingur sem hefur fyrirtækjakort. Einstaklingskort eru kort sem gefin eru út á einstaklinga. Fyrirtækjakort eru kort sem gefin eru út á einstaklinga með atvinnustarfsemi á eigin kennitölu eða kennitölu lögaðila, t.d. félagsamtaka, fyrirtækja og stofnana. Lögaðillinn er þá reikningseigandi og ber ábyrgð á allri notkun, greiðslum og úttektum korthafa. Um greiðslukort gilda jafnframt alþjóðlegir skilmálar viðkomandi kortafyrirtækja (t.d. VISA eða MasterCard) sem birtir eru á vefsvæði þeirra.

5.2 Umsókn og útgáfa

Greiðslukort er útgæfið af bankanum og er eign hans. Reikningseigandi sækir um kort á afgreiðslustað bankans, í síma eða með rafrænum hætti, t.d. í netbanka eða appi. Bankinn áskilur sér rétt til að hafna umsókn um kort. Kort er útgæfið

á nafn korthafa. Korthafi notar persónubundin öryggisskilríki, t.d. leyninúmer/PIN, til að staðfesta framkvæmd greiðslu/úttekt. Bankinn ákveður gildistíma kortsins sem er skráður á kortið. Kortið gildir til síðasta dags þess mánaðar sem tilgreindur er á kortinu. Vilji korthafi eða reikningseigandi ekki endurnýja kortið skal annar hvor þeirra senda bankanum skriflega tilkynningu þar um í síðasta lagi mánuði fyrir lok gildistímans. Við útgáfu og endurnýjun korts fær korthafi kortið sent á lögheimili eða skráð aðsetur. Fyrirtækjakort eru send á lögheimili reikningseiganda. Reikningseigandi getur óskað eftir því að fá kort sent á afgreiðslustað bankans. Gjald fyrir útgáfu og endurnýjun er samkvæmt verðskrá. Hafi korthafa ekki borist kortið innan eðlilegs tíma skal hann tilkynna það til bankans án tafar.

5.3 Notkun greiðslukorta

Bankinn ákveður einhliða hámarksheimildir á úttektum með kortum, t.d. í hraðbönkum og posum, og áskilur sér rétt til að synja um hækkun heimildar. Korthafi ábyrgist að nota kortið ekki umfram heimild á reikningi. Að öðrum kosti kann að koma til kostnaðar í samræmi við verðskrá og refsíabyrgðar lögum samkvæmt. Sé rökstuddur grunur um óheimila eða sviksamlega notkun korts eða ef notkun korts er ekki í samræmi við skilmála þessa áskilur bankinn sér rétt til að synja um heimild og loka korti og fara fram á afhendingu þess til bankans. Bankinn áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara.

Sannvottun/auðkenning er aðferð sem gerir bankanum kleift að sannreyna deili á viðskiptavini eða heimild til notkunar tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkunar á persónubundnum öryggisskilríkjum viðskiptavinar. Auðkenning felst í innslætti persónubundinna öryggisskilríkja eins og PIN eða einskiptis auðkenningsnúmer/kóða, annars konar öryggisnúmer til auðkenningar eða notkun lífkennis. Auðkenning getur einnig falist í notkun annarra aðferða við auðkenningu, allt í samræmi við öryggiskröfur bankans á hverjum tíma. Bankinn ákveður kröfur til sannvottunar/auðkenningar.

Boðgreiðslur eru byggðar á samningi milli söluaðila (viðtakanda greiðslu) og korthafa, þar sem korthafi samþykkir að reglulegar greiðslur fyrir vörur og þjónustu séu skuldfærðar á greiðslukort og fela í sér fyrirfram veitt greiðslufyrirmæli. Sé korti lokað eða það endurnýjað með nýju númeri er bankanum heimilt að skuldfæra boðgreiðslur á nýja kortið eða annað greiðslukort í eigu korthafa. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem korthafi kann að verða fyrir ef ekki verður af framkvæmd greiðslufyrirmæla. Vilji korthafi afturkalla eða stöðva regluleg greiðslufyrirmæli með boðgreiðslum ber honum að snúa sér að söluaðila.

5.4 Ábyrgð og varðveisla

Korthafi er ábyrgur fyrir varðveislunni kortsins, PIN, einskiptis auðkenningarnúmer/kóða og annarra persónubundinna öryggisskilríkja til þess að koma í veg fyrir að þriðji aðili geti komist yfir kortið, persónubundnu öryggisskilríkin eða aðrar upplýsingar um kortið, t.d. kortanúmer eða öryggisnúmer. Korthafa er óheimilt að láta kortið, PIN, einskiptis auðkenningarnúmer/kóða önnur persónubundin öryggisskilríki eða aðrar upplýsingar um kortið þriðja aðila í té og skal korthafi gæta fyllsta öryggis upplýsinganna. Korthafa er óheimilt að geyma PIN eða önnur persónubundin öryggisskilríki með kortinu, í veski sínu, í farsíma, á netinu eða með öðrum rafrænum búnaði eða öðrum hætti sem kann að vera aðgengilegur þriðja aðila. Korthafa er óheimilt að fjölfalda kortið eða breyta virkni þess. Korthafa ber að gæta sérstakrar varúðar gagnvart fólkskum skilaboðum, t.d. SMS-skilaboðum eða tölvupósti, sem korthafi kann að fá send frá þriðja aðila í þeim tilgangi að fá uppgefin persónubundin öryggisskilríki eða aðrar upplýsingar um kortið. Varðveiti korthafi ekki kortið, PIN, önnur persónubundin öryggisskilríki eða aðrar upplýsingar um kortið með öruggum hætti eða í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi. Korthafa ber ávallt að gæta þess að enginn sjái PIN, önnur persónubundin öryggisskilríki eða aðrar upplýsingar um kortið. Korthafi skal ekki samþykkja framkvæmd greiðslu með einskiptis auðkenningarnúmer/kóða, sem hann kann að fá sendan, nema hafa sannreynt að um rétta fjárhæð, réttan gjaldmiðil og réttan viðtakanda sé að ræða. Sinni korthafi ekki varúðarskyldum sínum í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi af hans hálfu.

Korthafi eða reikningseigandi geta ekki afturkallað greiðslur/úttektir sem korthafi framkvæmir með korti eða sýndarnúmeri því tengdu. Korthafi er ábyrgur fyrir greiðslu/úttekt hafi hann staðfest framkvæmd hennar með undirritun á sölnótu eða með því að slá inn eða gefa upp persónubundin öryggisskilríki (t.d. PIN), með því að skrá upplýsingar um kort í þar til gerða reiti við kaup á vörum eða þjónustu á netinu eða gefa upp slíkar upplýsingar munnlega, með því að gefa upplýsingar um öryggisnúmer við símgreiðslu, með fyrirfram veittri heimild til söluaðila, með framkvæmd snertilausrar greiðslu, með staðfestingu á greiðslu með einskiptis auðkenningarnúmeri/kóða eða með því að samþykkja framkvæmd greiðslu/úttekt með öðrum hætti til samræmis við reglur bankans hverju sinni. Korthafi skal sjálfur framkvæma greiðslu/úttekt og slá inn PIN eða önnur persónubundin öryggisskilríki eða upplýsingar um kortið. Hafi korthafi ekki varðveitt kortið, PIN, önnur persónubundin öryggisskilríki sín eða aðrar upplýsingar um kortið tryggilega til samræmis við skilmála þessa er hann ábyrgur fyrir öllum greiðslum/úttektum sem framkvæmdar eru með kortinu. Bankinn gengur út frá því að allar greiðslur/úttektir með korti hafi verið framkvæmdar af korthafa og í samræmi við vilja reikningseiganda. Sé korthafi annar en reikningseigandi bera reikningseigandi og korthafi fulla ábyrgð á notkun kortsins og öllum greiðslum/úttektum sem framkvæmdar eru með kortinu. Greiðslur/úttektir með korti koma fram á færslufirliti kortareiknings/reikningsyfirliti greiðslureiknings („yfirlit“). Á yfirlitinu koma fram upplýsingar um sundurliðu fjárhæða greiðslna/úttekta, gengi, fjárhæð greiðslu eftir gjaldmiðilsumreikning, gildisdag skuldfærslu eða dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmæla, nafn söluaðila auk upplýsinga um greiðslur tímabils sem gjaldfalla á næsta gjaldlega. Um yfirlit gilda að öðru leyti ákvæði skilmála þessara eftir því sem við á.

Um ábyrgð vegna greiðslukorta gilda ákvæði 6. kafla. Telji korthafi eða reikningseigandi að hann hafi orðið fyrir tjóni skal hann tilkynna það til bankans með sannanlegum hætti. Ef skilyrði endurkröfureglna alþjóðlegu kortafyrirtækjanna (t.d. VISA eða MasterCard) eru uppfyllt skal korthafi eða reikningseigandi gera endurkröfu á grundvelli þeirra reglna á því formi sem bankinn leggur til. Bankinn hefur milligöngu um að senda endurkröfu til alþjóðlegu kortafyrirtækjanna til úrlausnar. Endurkröfureglur kortafyrirtækjanna eru birtar á vefsvæðum þeirra. Sérhver ágreiningur eða tjón vegna kaupa á vörum eða þjónustu, sem greidd eru með korti, er bankanum algerlega óviðkomandi og án ábyrgðar fyrir hann. Bankinn ber hvorki ábyrgð á tjóni reikningseiganda eða korthafa vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka eða öðru afgreiðslutæki né á tjóni korthafa eða reikningseiganda sem hlýst af því að afgreiðslutæki hefur ekki samband við heimildarkerfi bankans.

5.5 Glötuð kort, lokun og afturköllun

Glatist kort eða telji korthafi að kort hans hafi verið notað með óheimilum eða sviksamlegum hætti ber honum eða reikningseiganda að tilkynna það tafarlaust til bankans á afgreiðslutíma bankans en í neyðarsíma greiðslukortafyrirtækis utan afgreiðslutíma bankans. Strax eftir að tilkynning hefur verið móttækin er kortinu og/eða sýndarnúmeri lokað, tímabundið eða varanlega, eða það afturkallað til að koma í veg fyrir frekari notkun þess eða misnotkun. Korthafa ber skylda til að aðstoða greiðslukortafyrirtæki og bankann við vinnslu málsins og lágmarka tjónið eins og unnt er. Bankinn kann að óska eftir því að korthafi skili inn skriflegri yfirlýsingu um glatað kort og undirriti beiðni um nýtt kort. Glati korthafi korti sínu erlendis býðst honum neyðarfé fyrir milligöngu greiðslukortafyrirtækis. Kostnaður vegna þessarar þjónustu skuldfærast á reikning reikningseiganda samkvæmt verðskrá. Finni korthafi kort sem hann hefur tilkynnt glatað er honum óheimilt að nota það, nema með heimild bankans. Tilkynna ber bankanum um fund kortsins og skal skila kortinu til bankans. Óski korthafi eftir enduroppnun kortsins ber hann ábyrgð á allri notkun kortsins á meðan það var glatað. Beiðni um enduroppnun korts skal vera skrifleg eða staðfest með sannanlegum hætti.

Korthafi og reikningseigandi geta lokað korti hvenær sem er. Vilji korthafi segja upp korti eða afturkalla umsókn sína skal hann senda bankanum tilkynningu þar um. Bankanum er heimilt, fyrirvaralaust og án tilkynningar, að synja um framkvæmd greiðslufyrirmæla eða úttektar, loka eða takmarka notkun korthafa á korti, tímabundið eða varanlega, eða afturkalla það fyrirvaralaust (a) hafi kort verið tilkynnt glatað eða stolið, (b) leiki grunur á um að þriðji aðili hafi komist yfir kortið, persónubundin öryggisskilríki eða aðrar upplýsingar varðandi kortið, með eða án samþykkis korthafa, (c) hafi greiðslureikningi verið lokað eða hann eyðilagður, (d) hafi korti verið lokað, (e) fari fjárhæð greiðslu (eftir atvikum að viðlögðum kostnaði) yfir innstæðu eða heimild á reikningi eða skuld við bankann verið gjaldfallin, (f) hafi röng persónubundin öryggisskilríki eða aðrar upplýsingar verið notaðar, t.d. rangt PIN, (g) sé gildistími korts útrunninn, (h) vakni grunur um misnotkun eða brot korthafa á lögum, reglum og skilmálum sem um kortið gilda, (i) hafi fjárnám verið gert hjá reikningseiganda, korthafa eða eftir atvikum hjá ábyrgðarmanni, komi fram ósk um skipti á búi þeirra, hafi þeir leitað nauðasamninga eða ef öðrum kortum þeirra hefur verið lokað, (j) ef bankinn þarf að afskrifa ógreiddar kröfur á korthafa eða reikningseiganda eða ef vanskil verða af hálfu korthafa og/eða reikningseiganda, (k) hafi kort ekki verið notað í 12 mánuði samfellt eða árgjald korts ekki verið greitt eða (l) hafi korthafi ekki gilda áreiðanleikakönnun. Korthafa er gert viðvart um lokun. Reynist grunur ekki á rökum reistur er opnað fyrir notkun korts. Við afturköllun ber korthafa að skila kortinu án tafar á næsta afgreiðslustað. Skili korthafi ekki kortinu getur bankinn krafist vörslusviptingar kortsins. Korthafa er óheimilt að nota kortið eftir að gildistími þess rennur út, ef það hefur verið ógilt eða ef það er ónothæft af öðrum ástæðum.

5.6 Uppgjör og greiðsla vegna kreditkorts

Reikningseigandi fær senda kröfu í netbanka vegna notkunar kreditkorts. Hafi reikningseigandi eða korthafi veitt bankanum heimild til skuldfærslu kröfu á greiðslureikning verður skuldfærslan framkvæmd á gjalddaga kortareiknings. Sé ekki næg innstæða á greiðslureikningi viðskiptavinar á gjalddaga kortareiknings er bankanum heimilt að nýta þá innstæðu sem fyrir er til skuldfærslu og láta reyna á áframhaldandi skuldfærslu allt þar til skuldin fæst greidd að fullu. Færsludagur ákvarðar á hvaða kortatímabil greiðsla/úttekt með korti færast. Skiladagur færslu frá söluaðila til bankans getur leitt til þess að færsla færast á næsta tímabil. Almenn tærslutímabil, sem færsluyfirlit korthafa miðast við, er mánuður og eru byrjun og lok þess auglýst á vef bankans. Sé gjalddagi almennur lokunardagur banka færast gjalddaginn til næsta bankadags. Hafi greiðsla ekki borist innan þess tíma greiðast dráttarvextir frá gjalddaga til greiðsludags, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands. Korthafi getur tekið út inneign á kortareikningi á næsta gjalddaga eftir að kortatímabil sem inneign myndaðist á er lokið. Sé korthafi reikningseigandi getur hann hækkað/lækkað kreditkortheimild í netbanka gegn greiðslu kostnaðar samkvæmt verðskrá. Hámarksheimild fer eftir lánaramma á hverjum tíma.

Hafi korti verið sagt upp eða því lokað skuldfærir bankinn útstandandi færslur á kortareikning. Séu greiðsludreifingar fyrir hendi, við lokun eða uppsögn, munu afborganir ásamt vöxtum og kostnaði skuldfærast á kortareikning. Á gjalddaga eru eftirstöðvar kortareiknings skuldfærðar á skuldfærslureikning korthafa. Sé ekki fyrir hendi skráður skuldfærslureikningur fær korthafi greiðsluseðil sendan í netbanka. Bankanum er heimilt, en ekki skylt, að færa eftirstöðvar kortareiknings á nýtt kort sem gefið er út í stað korts sem er sagt upp eða lokað, eða annað kort í eigu reikningseiganda. Sama gildir um eftirstöðvar greiðsludreifinga. Sá skuldfærslureikningur og eftir atvikum sú trygging sem sett var til tryggingar skilvirkum og skaðlausum greiðslum vegna kortsins gildir með sama hætti fyrir hið nýja kort eða annað kort í eigu reikningseiganda.

6 Ábyrgð vegna greiðsluþjónustu

Greiðandi skal tilkynna bankanum án óparfa tafar verði hann var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu. Tilkynningin skal berast bankanum eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu ef um neytanda er að ræða en eigi síðar en 120 dögum eftir dagsetningu skuldfærslu ef um er að ræða lögaðila. Að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í lögum um greiðsluþjónustu og/eða í skilmálum þessum, endurgreiðir bankinn greiðanda fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar. Bankinn kemur þá greiðslureikningnum sem skuldfært var af í þá stöðu sem hann var í áður en óheimilaða greiðslan átti sér stað. Tómlæti greiðanda á að senda tilkynningu til bankans án óparfa tafar skv. framangreindu getur leitt til þess að viðskiptavinur fyrirgeri rétti til endurgreiðslu. Ef greiðandi er grunaður um svik getur bankinn neitað endurgreiðslu og tilkynnt um grun sinn til Fjármálaeftirlitsins.

Greiðandi ber tap vegna óheimilaðra greiðslna sem nema allt að jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (miðgengi) eins og það er skráð hverju sinni þegar tapið má rekja til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða það stafar af óréttmætri notkun greiðslumiðils. Þetta gildir þó ekki ef: (a) greiðanda gat ekki orðið ljóst að greiðslumiðill var tapaður, honum stolið eða hann notaður með óréttmætum hætti og hann hefur ekki sýnt af sér sviksamlega háttsemi, eða (b) tap greiðanda á greiðslumiðlinum stafaði af aðgerðum eða aðgerðaleyfi starfsmanns bankans, umboðsaðila eða útvistunaraðila hans. Greiðandi skal þó bera allt tjón sem rekja má til óheimilaðra greiðslna ef hann hefur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða látið ógert að uppfylla eina eða

fleiri af skyldum sínum skv. lögum eða skilmálum þessum í tengslum við greiðslumiðil og/eða persónubundin öryggisskilríki af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi. Þegar þetta á við gildir framangreind hámarksfjárhæð ekki. Þegar háttsemi greiðanda hefur hvorki verið sviksamleg né hann af ásetningi látið ógert að uppfylla skyldur skv. lögum eða skilmálum þessum í tengslum við greiðslumiðil og persónubundin öryggisskilríki skal tekið tillit til eðlis persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils og aðstæðna þegar greiðslumiðill týndist, honum var stolið eða hann notaður með óréttmætum hætti við ákvörðun um þá fjárhæð sem greiðanda verður gert að bera sjálfur ábyrgð á skv. framangreindu. Greiðandi, ef hann er neytandi, skal ekki bera tjón sem hlýst af notkun á greiðslumiðli sem týnist, er stolið eða notaður með óréttmætum hætti eftir tímamark tilkynningar um tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans, enda hafi greiðandi ekki synt af sér sviksamlega háttsemi.

Um ábyrgð Landsbankans þegar greiðsla á sér ekki stað eða er gölluð fer eftir ákvæðum laga um greiðsluþjónustu, enda sé greiðandi neytandi. Landsbankinn ber ekki bótaábyrgð eða aðra ábyrgð vegna greiðsluþjónustu ef rekja má tjón til óeðlilegra eða ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem aðilar máls höfðu engin áhrif á eða gátu afstýrt þrátt fyrir tilraunir til þess. Sama gildir um tjón sem leiðir af öðrum lögum sem gilda um greiðsluþjónustuveitanda.

Að öðru leyti fer um ábyrgð vegna greiðsluþjónustu eftir ákvæðum laga um greiðsluþjónustu. Ef notandi greiðsluþjónustu Landsbankans er ekki neytandi skulu 1. og 2. mgr. 62. gr., 3. mgr. 64. gr., 78., 80., 82., 83., 86. og 93. gr. laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu ekki gilda um þjónustuna.

7 Lokaákvæði

Bankinn og viðskiptavinur geta hvenær sem er sagt upp viðskiptum sín á milli án fyrirvara nema annað leiði af lögum, samningi, skilmálum þessum, öðrum skilmálum, reglum bankans eða eðli máls. Vilji viðskiptavinur segja upp viðskiptum við bankann, eða afturkalla veitt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga, skal hann senda bankanum skriflega tilkynningu þar um. Bankanum er heimilt að segja upp rammamasamningi samkvæmt skilmálum þessum með tveggja mánaða uppsagnarfresti. Bankinn áskilur sér jafnframt rétt til að slíta viðskiptasambandi, að fullu eða að hluta, að eigin frumkvæði og með einhliða tilkynningu til viðskiptavinar ef viðskiptavinur verður uppvís að því að brjóta lög, reglur bankans, skilmála bankans eða aðrar reglur sem gilda um viðskipti hans við bankann, ef viðskiptavinur eða þriðji aðili verður uppvís að því að misnota viðskiptasambandið, ef viðskiptin teljast að mati bankans fela í sér hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, ef viðskiptasambandið getur að mati bankans skaðað orðspor hans eða ef viðskiptasambandið samrýmist að mati bankans ekki áhættustefnu hans. Bankanum er heimilt að segja upp samningi um almennan greiðslureikning neytanda í samræmi við skilyrði sem tilgreind eru í lögum um greiðslureikninga.

Ef eingöngu er notuð fjarskiptaaðferð fram að og við samþykkt skilmála þessara teljast skilmálarnir fjarsölusamningur í skilningi laga nr. 33/2005 um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Sé viðskiptavinur neytandi hefur hann rétt, með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu, til að falla frá skilmálunum teljist þeir fjarsölusamningur í skilningi þeirra laga án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi með sannanlegum hætti til bankans innan 14 daga frá þeim degi sem skilmálarnir eru samþykktir.

Viðskiptavini er heimilt að leita til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna ágreinings við bankann (málskot) að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þar að lútandi, sem koma fram í samþykktum nefndarinnar. Heimilisfang nefndarinnar er Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík. Vefsetur nefndarinnar er <https://nefndir.is/fjarmala/>. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Öll mál sem rísa kunna vegna viðskipta við bankann skulu fara eftir íslenskum lögum nema um annað sé samið.

Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og tengist skilmálum þessum eða viðskiptum sem framkvæmd eru á grundvelli þeirra, ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af lagaboði, aðgerðum stjórnvalda eða óviðráðanlegum aðstæðum (force majeure), s.s. náttúruhamförum, styrjöldum, hryðjuverkum, farsóttum, verkföllum, lokun landamæra, rafmagnstruflunum eða rafmagnsleysi, truflunum í uppgjörskerfi, símkerfi eða öðrum boðleiðum, eða öðrum sambærilegum atvikum. Landsbankinn ber jafnframt ekki ábyrgð á óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi bankans.

Skilmálar þessir eru gefnir út á íslensku. Íslensk útgáfa skilmálanna er eina gilda útgáfa skilmálanna, óháð því hvort bankinn birti þýðingu á skilmálunum á öðrum tungumálum en íslensku. Um skilmálana gilda íslensk lög.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. ágúst 2023. Skilmálar þessir gilda þó frá og með 1. júní 2023 gagnvart viðskiptavinum sem staðfesta skilmálana frá og með þeim degi.